

Kirkjuþing 2022-2023

12. mál - þskj. 12

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um sölu fasteigna.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022).

Flutt af Önnu Guðrínu Sigurvinsdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Kirkjuþing 2022 samþykkir að fela framkvæmdanefnd kirkjuþings að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Bergstaðastræti 75, Reykjavík.
2. Eyrarvegur 26, Grundarfirði.
3. Desjarmýri, Múlaþingi.
4. Dalbraut 2, Dalvík, Dalvíkurbyggð.
5. Miklibær, Skagafirði.
6. Hellisbraut 4, Reykhólahreppi.
7. Hlíðarvegur 42, Ólafsfirði.
8. Hvanneyrarbraut 45, Siglufirði.
9. Króksholt 1, Fáskrúðsfirði.
10. Lágsholt 9, Stykkishólmi.
11. Lindarholt 8, Ólafsvík.
12. Miðtún 12, Ísafirði.
13. Smáragata 6, Vestmannaeyjum.
14. Skeggjastaðir, Langanesbyggð.
15. Völusteinsstræti 16, Bolungarvík.

Söluheimildir þessar gilda til loka kjörtímabils kirkjuþings 2022-2026.

### Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af framkvæmdanefnd kirkjuþings. Framkvæmdanefnd kirkjuþings leggur til að heimild verði veitt til að selja þær fasteignir í eigu Þjóðkirkjunnar sem greinir í þessari tillögu. Hér er um að ræða eignir sem skýrsla um fasteignir Þjóðkirkjunnar, gerir ráð fyrir að verði seldar. Skýrslan var samþykkt á kirkjuþingi 2021-2022 (3. mál). Hér er þó ekki óskað söluheimildar fyrir allar þær eignir sem þar eru tilgreindar, enda sumar þeirra þegar seldar en kirkjuþing hefur sérstaklega tekið afstöðu til annarra eigna, sbr. 15. og 51. mál kirkjuþings 2021-2022.

Tillögurnar eru í samræmi við 13. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði, nr. 1026/2007 (50. mál kirkjuþings 2021-2022), þar sem kveðið er á um að embættisbústaði skuli

að jafnaði leggja til í prestakalli þar sem búa færi en 500 manns í þéttbýliskjarna. Um leið samræmist tillagan þingsályktun kirkjuþings 2021-2022, um hagræðingaraðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar (49. mál). Þar samþykkti kirkjuþing að almenna reglan varðandi prestssetur verði sú, að prestssetrum í þéttbýli þar sem búa 500 manns eða fleiri verði fækkað þar sem slíkt er hægt vegna aðstæðna á fasteignamarkaði.

Í 49. máli kirkjuþings var framkvæmdanefnd kirkjuþings, í samráði við biskup Íslands og fasteignasvið, falið að undirbúa og framkvæma þær breytingar varðandi prestssetramálin, sem framangreind samþykkt hefur í för með sér. Jafnframt var framkvæmdanefnd kirkjuþings veitt heimild til sölu á þeim prestssetrum sem þannig skyldu aflögð. Kveður þar á um að stefnt skuli að því að þau prestsetur sem hér um ræði verði seld á næstu þremur árum og að viðhaldi á þeim verði haldið í algjöru lágmarki.

Framkvæmdanefnd hefur nýtt þessa heimild sína að ákveðnu leyti en taldi þó heppilegra að leggja fram mál þetta til að tryggja meiri sátt um framkvæmd sölu þessara eigna. Þær eignir sem nú er lagt til að verði seldar eru aðrar þær fasteignir sem upp eru taldar í framangreindri skýrslu til kirkjuþings um fasteignamál Þjóðkirkjunnar.

Fasteignin að Desjarmýri er jörð sem í dag er ekki nýtt sem prestssetur heldur leigð út. Flestar eignanna sem tillagan tekur til eru fasteignir í þéttbýli þar sem búa 500 manns eða fleiri. Að undanskildum tveimur eignum; Miklibær er prestssetursjörð og Bergstaðastræti er biskupssetur. Þá er að lokum gert ráð fyrir því, að salan fari fram á kjörtímabilinu 2022 - 2026. Flutningsmenn tillögunnar leggja upp úr því að sölu á prestssetrum fari fram í sem mestri sátt við kirkjuþingsfulltrúa og ábúendur/leigutaka viðkomandi eigna og þykir því rétt að halda í rúm tímamörk. Þá ber að lokum að geta þess að prestssetur þar sem sitja prestar sem enn eru á skipunartíma, verða ekki seld án samráðs við viðkomandi presta.